

Fundur 26.5.2025 Þýskur gyðingur, Albert frá Dresden, var uppi fyrir um 400 árum.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl og blessuð.

*Góða kvöldið.*

Tala ég úr stjörnusambandsstöð og mikill er mátturinn hér inni, og er mér það mikilvægt að tengslin milli þjóðanna takist vel og einstaklingana og er mér það mikilvægt að stuðla að friði og kærleika.

Og finnst mér þjóð ykkar vera mikilvæg og merkileg og finnst mér tengingin þjóðanna á milli og einstaklingana á milli vera mikilvæg og merkileg og hygg ég að mörgum verði hægt að hjálpa í framtíðinni, þegar skilningurinn vex og kærleikurinn í jöfnum hlutföllum og þegar fordómar og andúð á milli þjóðanna muni víkja og í staðinn koma kærleikur og skilningur og aukin samskipti og þegar ljóst verður að siðvenjur og trúarbrögð hafa mikil áhrif, og hvort sem þau hamla eða hjálpa til við þroska einstaklingana og mögnun.

Tilheyri ég þjóð sem hefur margvíslega sögu, en er ég fullur af þakklæti og tel mig hafa virkjað hæfileika mína betur hér í framlífi á þessum framlífs hnetti, en oft áður og hyggst stefna að því að gera það enn frekar, og er ég fullur af þakklæti fyrir þeim sem opnað hafa dyrnar fyrir mér og öðrum af mínu þjóðerni, og sömuleiðis opnað dyrnar fyrir ýmsa af þeim þjóðernum sem við höfum eldað saman grátt silfur í gegnum aldirnar og höfum við þar saman komið í friði og skilningi, en löng er sú leið til þroska og samstillingar.

En erum við traust á þeirri leið og höldum fast í það sem við höfum lært, þótt sífellt þurfi að fylgjast með öllum þeim sem brjóta af sér og falla aftur í sama farið, sem snýst um að hefna og rifja upp gömul ágreiningsefni úr fortíðinni, hvort sem þau snúast um okkar gömlu trú, eða önnur atriði í menningunni og fortíðinni.

Fór ég á annan hnött en flestir samlandar mínir, og fór ég á þann fyrsta framlífs hnött minn, þar sem fyrir voru trúbræður mínir aðrir af sömu trú og harðnaði ég í þeirri trú og urðu deilur við nágrannana og notuðum við sömu Biblíuversin til að réttlæta deilur okkar um landsvæði á nýrri jörð, þar sem við höldum því fram að ný Ísrael væri á nýrri jörð.

Og andstæðingar okkar héldu öðru fram og notuðu sitt trúarrit og endaði það með því að á myrkurhliðum pláneta urðum við stödd og þurftum við að læra af því hvernig sá Guð sem heldur því fram að hann megi taka land af þeim sem fyrir eru og skipa okkur í nafni trúarinnar að hertaka það land, sé ekki nógu góður Guð og fyrr muni ekki þjóð okkar batna og þroskast og komast á rétta leið, fyrr en hún lætur af þeirri trú og annað hvort túlkar versin á annan og nýjan hátt, eða tekur upp aðra trú.

Og var það fyrst reynt að túlka versin á annan hátt, en þær opnu dyr sem ég hef talað um, eru trúarbrögð nágranna okkar af Norrænum ættum á þessum framlífs hnöttum, og hef hér tekið trú á Appoló og Guðinn Baldur og trú á Perseif og hefur það hjálpað okkur, þar sem ekki er hveðið á um landssvæði okkur til handa, heldur er það ríkisins og stjórnmálanna að áætla það og úthluta, og þar að auki hefur það reynst Palestínumönnum sem við höfum deilt við, nytsamlegt og hjálplegt að taka upp trú á Appoló og Baldur og fleiri Guði, og fara saman í Hofin, og höfum einnig náð að tengjast indverskum Guðum, svo dæmi séu nefnd.

En það vildi ég segja við ykkur hér í kvöld, að fylgst hef ég með ykkar íslensku þjóð, og hef ég mikið lesið mér til um sögu kristninnar og sögu verstrænnar trúarbragða á ykkar jörð, og er ég þess fullviss, að rétt eins og fólk læknaði í Jesú nafni, muni það lækna enn betur í nafni Appólós og Baldurs og fleiri lækninga Guða.

En það hef ég reynt á sjálfum mér, að það er góð sameiningar leið og kærleiks leið, og var það boðskapur minn hér í kvöld, þýskur gyðingur, Albert heiti ég frá Dresden, var uppi fyrri 400 árum.

*Vertu velkominn.*

Já þakka þér fyrir.

Hef ég tekið upp heiðna trú, verið þið sæl og blessuð, þakka ég fyrir mig.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir og gangi þér vel.*

Já þakka ég fyrir.